

50
14. júní

33. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 129 31. des. 1937.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

51
20. júní á Staðfesting konungs á skipulagskrá fyrir „Landvarnarsjóð Hjörseyjar“ útgefin
á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. júní 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landvarnarsjóð Hjörseyjar.

Sjóðurinn er stofnaður 26. febr. 1936. Stofnfé sjóðsins eru kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur — gjöf frá Guðmundi Bjarnasyni, klæðskerameistara, Aðalstræti 6, Reykjavík. Verkefni sjóðsins er að verja Hjörsey á Mýrum fyrir hverskonar skemmdum af völdum eyðandi náttúruafla.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur —, gjafir sem sjóðnum hlotnast og sá hluti vaxta, sem ekki kemur til úthlutunar, samkvæmt skipulagsskrá þessari, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands (aðaldeild). Hið upprunalega stofnfé og það, sem þannig bætist við, má eigi skerða.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands skal annast stjórn sjóðsins. Hún veitir fé til þeirra framkvæmda, sem heimilt er að styrkja samkvæmt skipulagsskrá þessari. Ávallt skal leita umsagnar hreppsnefndar Hraunhrepps og trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands í Borgarfirði, eða þess manns, sem kemur í hans stað, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

3. gr.

Vextir allir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann hefir náð 5000 krónum. Úr því falla $\frac{1}{2}$ — hálfir — vextir til útborgunar, unz sjóðurinn nemur 10000 krónum. Þá falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ — þrír fjórðu hlutar — ársvaxta, þar til sjóðurinn nemur 50000 krónum. Úr því falla $\frac{1}{10}$ — níu tíundu hlutar — vaxtanna til útborgunar. Vaxtahlutar þeir, sem til útborgunar falla, skulu leggjast í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins jafnóðum, til ráðstöfunar fyrir stjórn sjóðsins, eftir því sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eigendur eða ábúendur Hjörseyjar til þess að gera varanlegar varnir gegn landbroti eða öðrum skemmdum á landi eyjarinnar, af sjávarangi, uppblæstri eða öðrum eyðandi náttúruöflum.

5. gr.

51

20. júní

Nú telur eigandi eða ábúandi Hjörseyjar að nauðsyn beri til að varnir séu gerðar til verndar eygni, og skal hann þá leita álits Búnaðarfélags Íslands um hvort ráðist skuli í framkvæmdir. Búnaðarfélagið lætur síðan athuga skemmdirnar. Telji félagið þörf á vörnum, heitir það framlagi eftir því sem tekjur sjóðsins, sem verja má til landvarna, hrökkva til og stjórn Búnaðarfélagsins telur þurfa að verja til verksins. Verkið skal unnið undir yfirumsjón Búnaðarfélagsins. Forgangsrétt að vinnu fyrir framlag úr sjóðnum skulu heimilismenn í Hjörsey hafa, og þar næst aðrir íbúar Hraunhrepps.

6. gr.

Nú telur sjóðsstjórnin (stjórn Búnaðarfélags Íslands) að ekki þurfi að verja öllu fé sjóðsins, er til útborgunar fellur, til þess að verja Hjörsey gegn landeyðingu af völdum náttúrunnar, samkvæmt fyrirmælum 4. og 5. greinar skipulagsskrárinnar. Er stjórn sjóðsins þá heimilt, enda hafi höfuðstóll sjóðsins náð 10000 krónum, að verja nokkru eða öllu af því sem til útborgunar fellur á þann hátt sem hér segir:

- Til styrklar ábúendum Hjörseyjar, ef þeir verða fyrir miklu tjóni á búpeningi vegna þess að búfé flæði, eða farist á annan voveiflegan hátt.
- Til sömu, ef þeir verða fyrir stórfelldu tjóni á húsum eða öðrum mannvirkjum, vegna ofviðris eða annara svipaðra orsaka.
- Til þess að verðlauna þann eða þá ábúendur Hjörseyjar, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands eru til sérstakrar fyrirmyndar um jarðræktarframkvæmdir eða húsabætur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn. Í gerðabók skal færa skipulagsskrá sjóðsins, umsóknir um styrk frá ábúendum Hjörseyjar, allar styrkveitingar og verðlaunaveitingar, fundarsamþykktir og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórninni ber ennfremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda reikningsfærslu sjóðsins algerlega aðskilinni frá reikningum Búnaðarfélags Íslands eða annara sjóða félagsins, og skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Búnaðarritinu, eða því riti Búnaðarfélagsins sem kemur í þess stað.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa gert ársreikning sjóðsins fyrir lok marzmanaðar ár hvert. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og af sömu mönnum og ársreikningar Búnaðarfélags Íslands og fylgja þeim til endurskoðunar. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Leita ber konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. júní 1938.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Steingr. Steinþórsson,